

Stjórnarfundur í Geðhjálp 11. maí 2023 kl. 16:30

Mætt: Sigríður Gísladóttir, Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Sveinn Rúnar Hauksson, Guðrún Þórsdóttir, Elín Atim, Sigríður Ólafsdóttir og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 13. apríl sl.

Yfirfarin og samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór munnlega yfir helstu verkefni skrifstofu frá síðasta stjórnarfundum.

3. Styrktarsjóður geðheilbrigðis

Sigríður Gísladóttir tekur sæti Héðins Unnsteinssonar í stjórn sjóðsins eins og samþykktir hans segja fyrir um. Einnig kom fram að Guðrún Herdísar Sigurjónsdóttir hafi óskað eftir því að hætta í stjórn sjóðsins. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins þá velur stjórn sjóðsins eftirmenn þeirra sem hætta í stjórn.

Gjaldkeri leggur til að Geðhjálp leggi sjóðnum til 5 m.kr. framlag til viðbótar þeim 15 m.kr. sem ætlaðar eru til úthlutunar á þessu ári. Stjórn samþykkir þetta.

4. Sumarlokun skrifstofu

Lagt er til að skrifstofan verði lokuð frá 17. júlí til og með 7. ágúst. Samþykkt.

5. Vitundarvakning haustið 2023

Eins og kemur fram í stefnu Geðhjálp til næstu tveggja ára og aðgerðaráætlun með henni er stefnt að því að gera myndbönd þar sem notendur geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi segja sögu sína. Framkvæmdastjóra falið að leita tilboða og hugmynda um handrit.

Skoða einnig möguleika á söfnun í sjónvarpi haust í tengslum við birtingu myndbandanna.

6. Lög um réttindi sjúklinga

Sveinn Rúnar Hauksson fór yfir ferlið með stjórn. Geðhjálp skilaði inn umsögn um fyrirhugaðar breytingar á lögum um réttindi sjúklinga þann 3. maí sl. Samtökin voru í samráðshópi heilbrigðisráðherra um þessar breytingar og sat Sveinn Rúnar fyrir hönd samtakanna í hópnum. Eftir mikla vinnu þar sem ýmsum málamiðlunum var náð, voru drög send ráðherra. Eftir að þessum drögum var skilað til ráðherra komu umsagnir frá Geðlæknafélaginu og Landspítalanum. Ráðuneytið féllst á ábendingarnar þessara aðila og breytti frumvarpinu í kjölfarið. Geðhjálp féllst engan vegin á þessar breytingar og mótmælti því í umsögninni sem send var inn. Sveinn Rúnar skilaði jafnframt inn umsögn í eigin nafni og var í kjölfarið boðið á fund með heilbrigðisráðherra.

SJS
6/5/23

VKS
6/5/23

7. Önnur mál

- a) Sigríður Ólafsdóttir kynnti fyrir stjórn stöðuna á Stuðlum og málefni afeitrunardeildar fyrir börn sem opnuð var á geðsviði Landspítalans við Hringbraut sem lesa mátti um í fjölmiðlum í dag. Lagt til að framkvæmdastjóri óski eftir fundi með yfirmanni geðsviðs Landspítalans til þess að fá nánari upplýsingar um þessa deild og stöðuna á henni. Sigríður Ólafsdóttir fari með framkvæmdastjóra á þann fund.

Fundi slitið kl. 18:01

Þurmasson
BT